



## Kynning á þema ársins 2013

16 DAYS OF ACTIVISM AGAINST GENDER-BASED VIOLENCE  
16 DÍAS DE ACTIVISMO CONTRA LA VIOLENCIA DE GÉNERO  
16 JOURS D'ACTIVISME CONTRE LA VIOLENCE DE GENRE  
25 NOV - 10 DEC <http://16dayscwg.rutgers.edu>



### **Heimilisfriður - heimsfriður: Drögum úr hernaðarhyggju og bindum enda á ofbeldi gegn konum!**

Ákveðið hefur verið að þema 16 daga átaks gegn kynbundnu ofbeldi árið 2013 verði áfram „Heimilisfriður – heimsfriður; Drögum úr hernaðarhyggju og bindum enda á ofbeldi gegn konum“. Kallað var eftir athugasemdum og upplýsingum frá öllum þátttakendum átaksins síðustu ár; aðgerðarsinum og samtökum sem vinna með mannréttindi, kynbundið ofbeldi og samfélagsleg réttlætismál víðsvegar í heiminum.

Átakið 2013 beinir spjótum sínum að **vitundarvakningu og aðgerðum er lúta að margþættum snertiflötum kynbundins ofbeldis og hernaðarhyggju, ásamt því að sýna tengslin á milli baráttu fyrir efnahagslegum og félagslegum réttindum og baráttunnar til að binda endi á kynbundið ofbeldi**. Með þemanu er ætlunin að draga fram hvernig hernaðarhyggja getur skapast í samfélagi og menningu ótta; samfélagi sem byggir á ofbeldi eða hótunum um það, kúgun, ásamt hernaðaríhlutun sem viðbrögðum við pólitískum og samfélagslegum deilum eða til að styrkja efnahagslega og pólitíska hagsmuni.<sup>1</sup>

**Hernaðarhyggja** er kerfislægt ofbeldi sem **brýtur gegn mannréttindum, mannlegri reisn og öryggi kvenna, karla og barna** nánast hvar sem er í heiminum.<sup>2</sup> Áhrif hernaðarhyggju má glögg sjá ef skoðuð er úthlutun fjármagns til heilbrigðisþjónustu, menntunar og opinberra stofnana annars vegar og til hernaðarmála hinsvegar. Áhrifanna gættir einnig í löggjöf og stefnum sem útsetja konur og minnihlutahópa sérstaklega fyrir misnotkun; í stefnum stjórnvalda sem fela í sér mismun og aðgerðum sem samþykktar eru eða framkvæmdar af stjórnvöldum og á notkun hernaðaríhlutanar frekar en samningaumleitana í málum á pólitískum og samfélagslegum vettvangi.

Ennfremur ítrekar átakið að **réttindi kvenna eru mannréttindi** og áréttar að í gegnum tíðina hefur feðraveldið haldið á lofti skaðlegum hefðum og löggjöf sem viðurkennir ofbeldi gegn konum sem eðlilegt ástand og neitar konum um rétt þeirra til að lifa með reisn.

### **Aðaláherslur aðgerða:**

16 daga átakið mun í ár byggja á þrem aðaláherslum til aðgerða en jafnframt **undirstrika tengsl efnahagslegra og menningarlegra réttinda við hernaðarhyggju og kynbundið ofbeldi**.

**I. Ofbeldi af hálfu stjórnvalda; Stjórnvöld nota hótanir um ofbeldi og ofbeldi til að ná völdum eða viðhalda valdastöðu.** Þau halda fram nauðsyn þess að vernda öryggi ríkisins og beita þá ofbeldi sem taldir eru ógna því. Þannig ráðast þau með kynferðislegu og líkamlegu ofbeldi gegn kvenréttindakonum, mótmælendum og andófsmönnum sem berjast fyrir kynfrelsi ásamt stjórnmalalegum, efnahagslegum og félagslegum réttindum. Lögregla, dómarrar og saksóknarar áreita konur sem eru þolendur kynbundins ofbeldis svo þær þegja yfir ofbeldinu sem þær sæta. Í sumum löndum er konum jafnvel refsað fyrir að vera þolendur kynferðis ofbeldis. Það að viðhalda **friðhelgi ríkja** sem beita þegna sína, þegna annarra ríkja og ríkisfangslausa einstaklinga ofbeldi **er enn ein stór hindrun í vegi baráttunnar gegn kynbundnu ofbeldi, hernaðarhyggju og mannréttindum kvenna**.

Ríkjum ber að virða, vernda og efla mannréttindi allra af kostgæfni. Samt sem áður er **konum og stúlkum** víðsvegar í heiminum neitað um efnahagsleg og félagsleg réttindi (t.d. réttinum til vinnu, menntunar, matar og vatns) og kvenréttindakonur sem berjast fyrir þessum réttindum verða fyrir aðkasti, ráðist er á þær með ofbeldi eða þær drepnir af yfirvöldum. Litið er þannig á að þær séu að brjóta gegn venjubundnum kynhlutverkum sínum inni á heimilinu jafnt sem úti í samfélagi sínu. **Kvenréttindakonur eru því áfram þolendur ofbeldis af hálfu stjórnvalda og þurfa að pola fangelsisrefsingu** af þeirri ástæðu einni að þær berjast fyrir mannréttindum til jafns við aðra.

Í mótmælunum í Egyptalandi í upphafi arabíska vorsins, urðu kvenréttindakonur fyrir stöðugu áreiti ásamt kynferðislegu og líkamlegu ofbeldi af hálfu karlkynsmótmælenda, hermanna og lögreglu og voru neyddar, á meðan þær voru í varðhaldi, til að undirgangast skoðun lækis á því hvort að meyarhaft þeirra væri

heilt, þ.e.a.s hvort þær væru enn hreinar meyar. Í Hondúras þurfa transgender kvenréttindakonur að þola efnahagslega, pólitíska og félagslega mismunun auk þess sem þær hafa verið teknar af lífi án dóms og laga af stjórnvöldum sjálfum eða slíkar aftökur er láttnar viðgangast af stjórnvöldum.<sup>3</sup> Í Íran eru kvenréttindakonur reglulega ofsóttar af ríkinu, sem heldur því oftast fram að þessar konur séu ógn við siðferðisreglu samfélagsins eða að þær leitist við að kollvarpa heilindum ríkisins.

Kvenréttindakonur, og þá sérstaklega frumbyggjakonur, berjast og deyja við það að vernda skóga, vötn og landssvæði sem eru nauðsynleg fyrir efnahagslegan og félagslegan stöðugleika samfélags þeirra.<sup>4</sup> Þær berjast fyrir því að vernda landsvæði forfeðra sinna fyrir þjófnáði og eyðileggjandi notkun stjórnvalda og einkafyrirtækja.<sup>5</sup> Þannig reyna þær að draga úr mannréttindabrotum iðnaðarfyrirtækja sem starfa að námuvinnslu og skógarhöggi eða að virkjun vatnsafls og vindorku<sup>6</sup> ásamt ýmis konar verkmiðjuvinnu sem brýtur gegn fólki og náttúru.

- 2. Heimilisofbeldi og hlutverk handvopna:** Heimilisofbeldi er viðvarandi vandamál í öllum heimsálfum, þar sem að meirihluti allra kvenna heimsins eru þolendur ofbeldis af hálfu maka eða öðrum nákomnum þeim einhvern tímann á lífsleiðinni. Tölur sýna að **ef byssa er á heimilinu aukast líkurnar á því að einhver verði myrtur um 41%, en ef horft er til kvenna og heimilisofbeldis þá aukast líkurnar um 272%.**<sup>7</sup>

Útbreiðsla handvopna, þ.e.a.s. byssa, sveðja og hnífa, eykur verulega líkur á því að konur og börn verði fyrir meiðslum eða deyi auk þess sem slík útbreiðsla gerir ofbeldi að hluta af ímynd karlmennskunnar. Mörg ríki hafa sett sér löggjöf og gert umbætur í heimilisofbeldismálum en ekki hefur náðst raunverulegur árangur í aðgerðum til verndar og aðstoðar við þolendur ofbeldis né raunverulegar umbætur ætlaðar til að sporna gegn útbreiðslu handvopna. Það að **konur séu fjárhagslega háðar** maka sínum eða að þær sæta efnahagslegri misnotkun er stór áhrifaþáttur í því að þær yfirgefa seint eða alls ekki ofbeldisfullar aðstæður. Efnahagslegt sjálfstæði kvenna er nauðsynlegt til að þær hafi vald yfir eigin lífi og geti notið mannréttinda til jafns við karlmenn.

- 3. Kynferðisofbeldi á meðan á átökum stendur og eftir lok átaka;** Stríðsátök gera konur og stúlkur útsettari fyrir því að verða þolendur nauðgana, kynferðisþrælkunar, líkamlegrar lemstrunar og þvingaðra þungana. Tíðni þvingaðra hjónabanda eykst einnig á slíkum átakatímum.<sup>8</sup> Konur og stúlkur sem sækja vatn, safna eldiviði, vinna á ökrum, búa í flóttamannabúðum eða búðum fyrir vegalausa einstaklinga innan eigin lands, eða á svæðum þar sem átök eiga sér stað á milli uppreisnarherja eða ríkisherja eru í sérstakri hættu á að verða fyrir slíku ofbeldi og misnotkun. Kynferðislegt ofbeldi, í hverskonar mynd, er notað sem vopn til að sá ótta og viðhalda valdi yfir samfélögum bæði af vopnuðum uppreisnarherjum og stjórnvöldum. Ennfremur hafa hermenn og friðargæsluliðar gerst sekir um að misnota og nauðga konum og stúlkum í flóttamannabúðum.<sup>9</sup> Konur sem að búa eða vinna nálægt herstöðvum sæta kynferðislegu ofbeldi af hendi erlendra hersveita sem staðsettar eru á svæðinu.<sup>10</sup>

Margar konur upplifa andlegar, líkamlegar og félagslegar afleiðingar ofbeldisins lengi eftir að vopnuðum átökum er formlega lokið. Í menningu og venjum flestra ríkja eru konur sem hafa orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi fyrirlitnar eða þeim jafnvel refsað. Í staðinn fyrir stuðning er mörgum þeirra útskýfað af fjölskyldum sínum og samfélaginu. Á svæðum þar sem ríkir valda ójafnvægi eru konur og stúlkur í aukinni hættu á því að vera notaðar líkt og hver önnur vara í vöruskiptum eða seldar til þess að leysa deilur, borga skuldir eða til að bæta viðskipta-, félagsleg og pólitísk sambönd.<sup>11</sup>

## Berstu með okkur:

Eins og ávallt hvetur 16 daga átakið þátttakendur til þess að leggja áherslu á þau baráttumál sem að eiga best við í þeirra umhverfi. Þátttakendur ættu að skoða hvernig þeir geta fengið stjórnvöld og samfélag sitt til að takast á við og breyta kerfinu sem viðheldur kynbundnu ofbeldi á jákvæðan hátt.

## Aðgerðarpakki fyrir árið 2013:

Miðstöð fyrir alþjóðlega forystu kvenna (The Center for Women's Global Leadership) vinnur að gerð aðgerðapakka fyrir árið 2013 (Take Action Kit (TAK)), sem mun innihalda efni til þess að aðstoða við skipulagningu viðburða á meðan á 16 daga áttakinu stendur. Aðgerðarpakkin mun verða aðgengilegur á nokkrum tungumálum í ágúst. Þátttakendur geta heimsótt heimasíðu okkar (<http://16days.cwgl.rutgers.edu>) til að hlaða niður aðgerðarpakkanum eða óska eftir honum á prenti.

## Tengstu okkur og lærðu meira:

- Alþjóðleg vefsíða 16 daga átaksins: <http://16dayscwgl.rutgers.edu>
- Tengill til að skrá og leita að viðburðum á viðburðadagatali: <http://16dayscwgl.rutgers.edu/campaign-calendar>
- Skrá sig á póstlista 16 daga átaksins: [https://email.rutgers.edu/mailman/listinfo/16days\\_discussion](https://email.rutgers.edu/mailman/listinfo/16days_discussion)

- Facebook: <http://www.facebook.com/I6DaysCampaign>
- Flickr: <http://www.flickr.com/photos/I6dayscampaign>
- Twitter: [@I6DaysCampaign](https://twitter.com/I6DaysCampaign)
- 16 Days Twitter hashtag: #I6days
- YouTube: <http://www.youtube.com/user/CWGLRutgers>
- Sendu okkur tölvupóst hvenær sem er! [I6days@cwgl.rutgers.edu](mailto:I6days@cwgl.rutgers.edu)

## Um 16 daga átakið:

Síðustu 22 ár hefur alþjóðlegt **16 daga átak gegn kynbundnu ofbeldi** verið tileinkað baráttu og skipulagningu á aðgerðum til þess að binda endi á ofbeldi gegn konum bæði á innlendum og alþjóðlegum vettvangi. Dagsetning átakans frá **25. nóvember (alþjóðlegur dagur gegn ofbeldi á konum)** til **10. desember (alþjóðlegi mannréttindadagurinn)** var valin til þess að tengja kynbundið ofbeldi og mannréttindi á táknrænan hátt ásamt því að leggja áherslu á að ofbeldi gegn konum er alþjóðlegt mannréttindabrot. **16 daga átakið** hefur verið leið til vitundarvakningar meðal almennings og frekari aðgerða sem **kalla eftir því að bundinn verði endir á allt ofbeldi gegn konum**, alls staðar í heiminum. Miðstöð fyrir alþjóðlega forystu kvenna/**Center for Women's Global Leadership** er alþjóðlegur skipuleggjandi átakans.

Translated by Jóna Aðalheiður Pálmadóttir

<sup>1</sup> Center for Women's Global Leadership. "Intersections of Violence Against Women and Militarism Meeting Report". 2011. <http://www.cwgl.rutgers.edu/resources/publications/gender-based-violence/388-intersections-of-violence-against-women-and-militarism-meeting-report-2011>. [sótt 7. maí 2013]

<sup>2</sup> Caprioli, M. "Primed for Violence: The Role of Gender Inequality in Predicting Internal Conflict". *International Studies Quarterly* (2005) 49, 161-178. <http://onlinelibrary.wiley.com/doi/10.1111/j.0020-8833.2005.00340.x/pdf> [sótt 7. maí 2013]

<sup>3</sup> International Federation for Human Rights. "Iran: Ongoing Judicial Harassment Against Women Human Rights Defenders". 21. apríl 2009. *RefWorld*. <http://www.refworld.org/docid/4a2cd0cd23.html> [sótt 9. maí 2013]; Mackey, Robert. "One Year Later, Egyptian Women Subjected to 'Virginity Tests' Await Justice". 9 March 2012. *The New York Times*. <http://thelede.blogs.nytimes.com/2012/03/09/one-year-later-egyptian-women-subjected-to-virginity-tests-await-justice/> [sótt 8. mars 2013]; REDLACTRANS & the International HIV/AIDS Alliance. "The night is another country: Violence and impunity against transgender women human rights defenders in Latin America." 12. desember 2012. [http://issuu.com/aids\\_alliance/docs/thenightisanothercountry#download](http://issuu.com/aids_alliance/docs/thenightisanothercountry#download) [sótt 9. maí 2013]

<sup>4</sup> Wilkson, Tracey. "Environmental activist and her son slain in Mexico". 29. nóvember 2012. *The Los Angeles Times*. <http://articles.latimes.com/2012/nov/29/world/la-fg-wn-activist-murdered-mexico-20121129> [sótt 9. maí 2013]

<sup>5</sup> Pasimio, Judy A. "Philippines: An Encounter - The Killing Of Three B'laan Tribal People". 23. október 2012. [http://indigenouspeoplesissues.com/index.php?option=com\\_content&view=article&id=16567:philippines-an-encounter-the-killing-of-three-b-laan-tribal-people&catid=32:southeast-asia-indigenous-peoples&Itemid=65](http://indigenouspeoplesissues.com/index.php?option=com_content&view=article&id=16567:philippines-an-encounter-the-killing-of-three-b-laan-tribal-people&catid=32:southeast-asia-indigenous-peoples&Itemid=65) [sótt 7. maí 2013]

<sup>6</sup> Smith, Jennifer E. "Indigenous Communities in Mexico Fight Corporate Wind". 1. nóvember 2012. <http://upsidedownworld.org/main/mexico-archives-79/3952-indigenous-communities-in-mexico-fight-corporate-wind-farms> [sótt 9. maí 2013]; Asia Pacific Forum on Women, Law and Development (APWLD). "Mining and Women in Asia: Experiences of women protecting their communities and human rights against corporate mining". [http://www.apwld.org/pdf/Mining%20with%20cover\\_opt.pdf](http://www.apwld.org/pdf/Mining%20with%20cover_opt.pdf). [sótt 7. maí 2013]; Jarroud, Marianela. "Mining and logging companies 'leaving all of Chile without water'". 24. apríl 2013. *The Guardian*. <http://www.guardian.co.uk/global-development/2013/apr/24/mining-logging-chile-without-water?INTCMP=ILCNETTXT3487> [sótt 7. maí 2013]

<sup>7</sup> Amnesty International, the International Action Network on Small Arms (IANSA) and Oxfam International. "The Impact of guns on Women's Lives". 2005. <http://iansa-women.org/sites/default/files/newsviews/en-impact-guns-women.pdf> [sótt 13. maí 2013]

<sup>8</sup> Shannon, Lisa. "The rape of Somalia's women is being ignored". *The Guardian*. 11. október 2011. <http://www.guardian.co.uk/commentisfree/2011/oct/11/rape-somalia-women-famine> [sótt 13. maí 2013]; UN Sub-Commission on the Promotion and Protection of Human Rights. "Systematic rape, sexual slavery and slavery-like practices during armed conflict". Gay J. McDougall, Special Rapporteur, 22. júní 1998, E/CN.4/Sub.2/1998/13: <http://www.refworld.org/docid/3b00f44114.html> [sótt 13. maí 2013]; Fisher, Siobhán, K. "Occupation of the Womb: Forced Impregnation as Genocide". *Duke Law Journal* Vol. 46, No. 1 (okt., 1996), pp. 91-133 Published by: Duke University School of Law. <http://scholarship.law.duke.edu/cgi/viewcontent.cgi?article=3320&context=dlj> [sótt 12. maí 2013]; Bunting, Annie. "Forced Marriage in Conflict Situations: Researching and Prosecuting Old Harms and New Crimes". *Canadian Journal of Human Rights* 1:1 165-185 (2012) <http://cjhr.ca/wp-content/uploads/2012/05/Bunting-Forced-Marriage-in-Conflict-Situations.pdf> [sótt 12. maí 2013]

<sup>9</sup> Valladaras, Danillo. "Army's former sex slaves testify in Guatemala". *Inter Press News Agency*. 28. september 2012. <http://www.ipsnews.net/2012/09/armys-former-sex-slaves-testify-in-guatemala/> [sótt 13. maí 2013]; BBC News. "Peacekeepers 'abusing children'". 27. maí 2008. [http://news.bbc.co.uk/2/hi/in\\_depth/7420798.stm](http://news.bbc.co.uk/2/hi/in_depth/7420798.stm) [sótt 12. maí 2013]; Nichols, Michelle. "Girls as young as six raped by Congolese

---

soldiers: U.N". 8. maí 2013. *Reuters*. <http://www.reuters.com/article/2013/05/08/us-congo-democratic-un-idUSBRE9470Z520130508> [sótt 12. maí 2013];

<sup>10</sup> Fackler, Martin. "Japan Sentences 2 U.S. Sailors to Prison for Rape on Okinawa". 1. mars 2013. *The New York Times*. [http://www.nytimes.com/2013/03/02/world/asia/japanese-court-convicts-2-us-sailors-in-okinawa-rape.html?\\_r=0](http://www.nytimes.com/2013/03/02/world/asia/japanese-court-convicts-2-us-sailors-in-okinawa-rape.html?_r=0) [sótt 12. maí 2013]; Watanabe, Teresa. "Okinawa Rape Suspect's Lawyer Gives Dark Account: Japan: Attorney of accused Marine says co-defendant admitted assaulting 12-year-old girl 'just for fun'". *Los Angeles Times*. 28. október 1995 [http://articles.latimes.com/1995-10-28/news/mn-62075\\_1\\_japanese-girl](http://articles.latimes.com/1995-10-28/news/mn-62075_1_japanese-girl) [sótt 12. maí 2013]

<sup>11</sup> Tang, Alisha. "Afghan girls traded for debts, blood feuds". 10. júlí 2007. *USA Today*. [http://usatoday30.usatoday.com/news/world/2007-07-09-afghan-girls\\_N.htm?csp=34](http://usatoday30.usatoday.com/news/world/2007-07-09-afghan-girls_N.htm?csp=34) [sótt 12. maí 2013]; RFE/RL's Radio Mashaal. "Swat Jirga Forces Family To Marry Off 6-Year-Old Girl To Settle Feud". 7. nóvember 2012. *Radio Free Europe/Radio Liberty*. <http://www.rferl.org/content/pakistan-swat-jirga-marry-off-6-year-old-girl-feud/24764045.html> [sótt 12. maí 2013]